

Mott. 12/68

Vesturlandsumdæmi

S T A R F S S K Y R S L A

1 9 6 7

Daniel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1967.

Veðrátta: Frá áramótum til sumarmála var vetur frekar harður, að vísu voru frosthörkur ekki miklar, en snjóalög allmikil, einkum til fjalla. Rigningar voru litlar og tíðarfari á Suðvesturlandi var ekki umhleypingasamt. Upp úr sumarmálum gerði kulda mikla, ríkjandi norðanátt og stormar með talsverðu frosti. Hélzt sú tíð óslitið fram yfir mánaðamót mai og júní - þá fyrst tók að vora á þessum slóðum, og viða sást ekki grænn blettur í túni fyrr en í júní. Prátt fyrir breytingu á tíðarfari, til batnaðar, í júní var allur gróður með afbrigðum lítill fram í ágústmánuð. Kuldar og rok af norðri voru ríkjandi, enda frostnætur í öllum mánuðum ársins að þessu sinni. Í annari viku ágústmánaðar voru fjallabrekkur gráar til að sjá, og hagbeit engin að kalla, nema þar sem raklent var, þó var í háfjalli hvorki gróður í þurrandi né votlendi, sem heitið gat, fram yfir miðjan ágúst.

I norðtunguskógi var hitastig eftirgreinda daga sem hér segir:
25. júlí, kl. 10 s.d. 4° - 26. júlí kl. $6.30, 0^{\circ}$, kl. $22, 3^{\circ}$.
27. júlí kl. $6.30, 0^{\circ}$, kl. $14, 5^{\circ}$ og kl. $22, 3^{\circ}$. 28. júlí kl. $22, 0^{\circ}$.
29. júlí kl. $22, 4^{\circ}$.

Sama hitastig og að framan greinir, hélzt fram til 6. ágúst með litlum breytingum, en þá tók að hlýna og rigndi allmikið enda tók gróður miklum framförum, brekkur sem áður voru gráar og graslausar urðu algrænar einnig grænkaði birkikjarr og fjalldrapi verulega þótt áliðið væri. Tíðarfari hélzt óbreytt fram í októberlok, mátti telja hausttíð góða og veður mild, enda stóð nálega allur gróður í blóma langt fram eftir hausti.

Um mánaðamét okt. - nóv. brá til verri tíðar, umhleypingar stöðugir, mikil snjókoma - frosthörkur og rigningar skiptast á með stuttu millibili og hélzt svø til jóla. Verður að telja þetta ár erfitt fyrir alla sem eiga afkomu sína undir jarðargróða, sól og regni. Ef vorin bregðast þá verður árferði slæmt. — *Gudnum á greni i növ?*

Vöxtur trjáa o.fl.: Birkikjarr í Borgarfirði, Dalasýslu og viðar var ekki útsprungið fyrr en um 6. júní að þessu sinni og er það allt að hálfum mánuði síðar en vanalega. Greni fór að hreyfa sig um sama leyti.

Lauffall varð síðustu daga í september, og er það nokkru síðar en vanalega.

Vöxtur trjáa varð sæmilega góður að þessu sinni þrátt fyrir kalt sumar. Þó á orðið "góður" einvörðungu við greni, birki og stafafuru sem komin eru upp yfir $\frac{1}{2}$ metra. Mældist vöxtur á rauðgreni og stikagreni við Hreðavatn allt að 30 cm. Í Ytrafellsgirðingu er vöxtur einnig ágætur, jafnvel yfir 30 cm. á sömu trjátegundum. Að Skéggum við Þórskafjörð vex sitkagreni mjög vel. Öðru máli gegnir með ungar plöntur, sem græðursettar voru s.l. 3 ár. Þær eru ekki vel á vegi staddir og valda því mjög köld vor og stutt sumur undanfarin ár. Þótt þessar plöntur séu ekki í alvarlegri hættu, er samt augljóst að vexti þeirra seinkar og allir ættu að gera sér ljóst að undangengnir verkuldar samfara næturfrostum, hljóta að valda tjóni á ungvíðinu, en eldri plöntur sem búnar eru að nema land í okkar mold eru búnar að yfirstíga erfiðleikana, sem ungvíðinu verður erfitt í vondu árferði.

Fræfall var mikið, og er það næsta undarlegt, í jafn vondu árferði. Safnað var nokkrum prufum að þessu sinni, og þær sendar tilraunastöðinni á Mégilsá. Enn hefur ekki verið úr því skorið hvort safna beri fræi til sáningar, af birki í Borgarfirði, og því hefur fræi ekki verið safnað í því skyni, en ég hef undanfarin tvö haust safnað allt að 30 fræprufum og sent tilraunastöðinni til frekari athugunar.

Fræprufur þessar eru teknar úr Mýrasýslu, Dalasýslu og Barðastrandas.

Skaðar á trjám geta ekki talizt alvarlegir, þó bar nokkuð á því í miklu kuðlunum í vor, að rauðgreni og stafafura yrðu brúnar, en um dauða var ekki að ræða nema í mjög fáum tilfellum, og ekki nema á skjóllaunum svæðum. Hinsvegar komu fyrir alvarleg tilfelli í græðireitnum og í nánd við hann, á stafafuru og rauðgreni, í næturfrostunum síðast í júlí í sumar. Trén urðu brún og sum þeirra munu drepast. Þetta tel ég eina alvarlega tilfellið sem orðið hefur hér um sléðir.

Starfsfólk var að þessu sinni skemmri tíma en oft áður og var það vegna þess að seinna hækust verkin, sökum kuldanna í vor. Nálega allt starfsliðið var skólaþólk, flest óvant, en tveir piltar voru vanir og bjargaði það miklu. Eftir því sem ég kemst næst, eru vinnuvikur allra sem unnið hafa, þar meðalín ráðskona og þeir, sem unnið hafa skamma stund - alls 150 vinnuvikur. Megin hluti launa sem greiddur er, fer aftur út úr héraðinu, sem fyrr greinir er þetta skólaþólk, aðkomið. Um vinnukraft heima í sveitunum er ekki að ræða fram að þessu, og má

geta bess að einar 14.600.00 kr. eru greiddar í vinnulaun til íbúa Þverárhliðar, þar sem bessi starfsemi hefur aðsetur sitt.

Nýjar girðingar eru ekki aðrar en viðbót við Norðtunguskógarfirðinguna. Þegar Norðtunguskógar var í upphafi girtur, var skilin eftir allstór skógartorfa nørður með veginum. Brátt kom í ljós að þetta reyndist vandræðaráðstöfun og gerðu tveir aðilar allharða hríð að þessari eign skógræktarinnar.

Bílstjóri hafði fengið leyfi fyrir malartekju í Högnastaðalandi áföstu landi skógræktarinnar. Þjóðvegur á melnum var merkjalína milli Högnastaða og skógræktarinnar. Brátt kom það í ljós að þessi merki voru enganveginn örugg. Vegheflar vegagerðarinnar ruddu oft nýjar götur og þær gömlu týndust, en malartekju-bílstjórinn fylgdi fast eftir, og þannig raskaðist merkjalínan allískyggilega. Næst kom svo vegagerðin sem aldrei gat sagt ákveðið hvar framtíðarvegurinn ætti að liggja á þessum sléðum. Síðla sumars 1966 komu tveir menn frá vegagerðinni og mældu fyrir ^{wag} suður í umrædda skógartorfu skógræktarinnar. Leizt mér nú ekki á þessa eign skógræktarinnar, ef áfram yrði haldið á þessari braut. Skógræktarstjóri gaf fúslega leyfi til að veita fé í girðingu um landið og í summar kom ég að máli við vegaverkstjóra héraðsins um þessi mál, og tjáði hann mér að búast mætti við breytingum þrátt fyrir mælinguna og þar með væri ég sjálfráður hvað ég gerði á landi skógræktarinnar. Var þegar hafizt handa og skógarspildan girt öll, og er lengd girðingarinnar 1150 m.

Um landið og lögun þess vílast til korts af Norðtunguskógi, þar sem þetta land var mælt og kortlagt ásamt hinu girta landi.

Girðingin er mjög rammger - allt hornstaurar steyptir niður, fimmstrengja vínet, einn gaddavírsstrengur undir og tveir ofaná. Járnstaurar notaðir og bikaðar renglur. Mörg dagsverk voru lögð í aðgerðir á eldri girðingum, einkum Jafnaskarðsgirðingu, en þar er árlega mikil verk að lagfæra girðinguna sem hún er girt í vatnið, og einnig eyðileggur Kiðá girðinguna í fléðum með jakaburði. Nýtt hlið var gert á Jafnaskarðsgirðingu við vatnið, gamla hliðið var ekki öruggt. Að nýja hliðinu er mikill fengur, og gerir vörzlu girðingarinnar öruggari að sumrinu í umferðarösinni. Einnig fór fram viðgerð á Arnbjargarlækjargirðingu, Stóra-Fjallsgirðingu og Norðtungugirðingu.

Skógarhögg er ekki framkvæmt á þessum sléðum til nytja. Grisjun er framkvæmd nokkur, en þyrfti að vera miklu meiri. Að þessu sinni var

grisjað frá plöntum í Jafnaskarðsskógi, ennfremur var grisjað frá plöntum í Nærðitunguskógi, þar sem gróðursetti var. Einnig var grisjað í Arnbjargarlækjargirðingu. Mikil þörf er að grisja miklu meira í Jafnaskarðsgirðingu og þolir það enga bið, sve ört vaxa plönturnar þar um þessar mundir. Viður úr Nærðitunguskógi er nytjaður til heimaneftkunar í ofna hjá starfsfólki yfir sumartímann.

Gróðrarstöð í Nærðitunguskógi:

Dreifsettar voru:

Rauðgreni (Tumast.)	3/0 Stjördal (B 591)	45.000
Stafafura (Tumast.)	3/0 Skagway (B 579)	<u>7.000</u>
<i>Bogfura (Vögnum)</i>		Samtals 52.000
Ur reitnum voru teknar á árinu plöntur er hér greinir:		
Sitkagreni	3/3 Homer (B 522)	15.500
Rauðgreni	3/3 Otterøy (B 428)	3.200
Stafafura	2/3	<u>3.600</u>
		Samtals 22.300

I reitnum standa til næsta árs:

Rauðgreni (Vögnum)	2/3	12.000
Sitkagreni (Hallormsst)	2/3	8.000
Rauðgreni (Stjördal)	2/2	15.000
Ymsar tegundir		6.000

Petta ár reyndist erfitt í sambandi við græðireitinn - annað árið í röð. Knýjandi þörf er á jarðvegsrannsókn, og fá úr því skorið hvaða áburðartegundir eigi þarna við. Eg gat þess áður, að ungar plöntur ættu í vökk að verjast, þótt þroskaðar stérar plöntur og trú yfir 1 til 2 metra næðu góðum ársvexti. Sama gildir um dreifisetningaplöntur. Og varla er hægt að búast við góðum árangri, þegar hitastig í júlí fer marga daga ofan í 0°.

Gróðursetning: Sökum þess hve seint voráði héfst gróðursetning ekki fyrr en 5. júní, og þá í Norðitunguskógi. Var þá klaki í jörð, og að margni 7. júní var jörð frosin og pollar lagðir íshroða. Gróðursett var til 7. júlí, en þá var gert hlé á gróðursetningu til 15. ágúst, er hafizt var handa að nýju og gróðursett til 28. ágúst.

Þar sem um mörg verkefni er að ræða á sama tíma, sem félkið verður að vinna, er reynt að haga verkefnunum eftir tíðarfari og þau verkefni látin ganga fyrir sem þörfin er mest að vinna hverju sinni. Þess er áður getið að undanfarin sumur hafi verið köld. Af þessu leiðir

margbætta erfiðleika í sambandi við gróðursetningu og oft eru aðkomu-plöntur illa farnar eftir langa bið, en slikt hlýtur óhjákvæmilega að verða þegar nálega allar plöntusendingar koma á sama tíma, hvernig sem viðrar og hvernig sem ástæður eru. Hér er um vandamál að ræða sem verður að umbæta. Hér fer á eftir skýrsla um gróðursetninguna sumarið 1967:

Arnbjargarlækjargirðing:

Lerki	(Tumast.)	3/0	Senk.	B-587	1.000	plöntur
Bergfura	(Hallormsst.)				1.600	-
Rauðgreni	(Hattefjörd)				2.000	-
Sitkagreni	(Hallormsst.)				<u>1.000</u>	-
					Samtals	5.600 plöntur

Reykholtsgirðing:

Lerki	(Tumast.)	3/0	Senk.	B-587	2.000	plöntur
Sitkagreni	(Hallormsst.)				4.200	-
Birki	(Bæjarst.)				1.500	-
Broddfura	(Hallormsst.)				1.500	-
Stafafura	(Tumast.)	Skagway	3/0		<u>1.500</u>	-
					Samtals	10.700 plöntur

Hvammur í Norðurárdal:

Bergfura	(Fossvegur)				Samtals	4.000 plöntur
----------	-------------	--	--	--	---------	---------------

Hreimssstaðagirðing:

Bergfura	(Hallormsst.)				4.000	plöntur
Lerki	(Tumast.)	3/0	Senk.	B-587	1.500	-
Sitkagr.	(Hallormsst.)				1.000	-
Birki	(Bæjarst.)				<u>1.000</u>	-
					Samtals	7.500 plöntur

Jafnaskarðsgirðing:

Broddfura	(Hallormsst.)				650	plöntur
Rauðgreni	(Vaglir - Hattefj.)				<u>250</u>	-
					Samtals	900 plöntur

Gilsbakkagirðing:

Rauðgreni	(Vöglum)	3/4			10.000	plöntur
Rauðgreni	(Vöglum)	3/4	Hattefj.		900	-
Brodd-	og blágreni	(Vöglum)	3/4	Sapinero	<u>3.055</u>	
					Samtals	13.955 plöntur

Norðtunguskógar:

Bergfura	(Hallormsst.)			4.350	plöntur
Lerki	(Tumast.)	3/0	Senk. B-587	5.175	-
Rauðgreni	(Otterøy)	3/3		2.640	-
Sitkagreni	(Nørðt.)	3/3	Homer	14.000	-
Sitkagreni	(Hallormsst.)			4.025	-
Stafafura	(Nørðt.)	2/3	Skagway	3.500	-
Stafafura	(Tumast.)	3/0	-	13.000	-
Brøddfura	(Hallormsst.)			<u>350</u>	-
				Samtals	47.040 plöntur

Samtals hefur verið plantað 87.695 plöntum á vegum Skógræktarríkisins, á árinu 1967.

Hirðing plantna: Þérið var allmikið á plöntur í Jafnaskarðsskógi. Notaður var Noregssaltpétur, blandaður þrifosfati og kali - þó líttill hluti. En sökum þess hve erfitt var að fá Noregssaltpétur var Kjarna-áburður notaður til uppfyllingar. Þá var einnig þérið mikið á í Norðtunguskógi. Jafnhliða áburðarvinnunni var grisjað frá plöntum - einkanlega í Jafnaskarðsskógi. Er þar um feikna mikla vinnu að ræða framvégis, því barrplönturnar í Jafnaskarðsskógi vaxa mjög ört um þessar mundir og liggur fyrir að fjarlægja birkið algjörlega að kalla á stórum svæðum. Það verk er seinundi sökum þess að ekki verður komið við vélsögum. Ofangreind vinna var framkvæmd að mestu í júlí og fyrri hluta ágústmánaðar.

Vegagerð hefur ekki verið framkvæmd, en full þörf er á samgöngubótum í Jafnaskarðsskógi, einkanlega með tilliti til þess að í yzta hluta girðingarinnar hefur enn ekki verið gróðursett. Einnig er nauðsynlegt að lagfæra sléða um norðvesturhluta Jafnaskarðsgirðingar.

Byggingar voru engar, en á þessu ári var lagt rafurmagn í húsið í Norðtunguskógi og fengin nauðsynleg áhöld í sambandi við rafurmagnið, þar á meðal ísskápur, er slikt mikils virði þar sem fólk dvelur við vinnu heitasta tíma ársins og daglega þarf að nema félkið. Lögð var raflögn frá húsi að vatnsbóli og rafknúin vatnsdæla flytur nú vatn að græðireitnum. Nauðsynlegar endurbætur voru gerðar á húsinu, en það hefur verið gert árlega.

Ymislegt: Ferðafólki fjölgar á þessum sléðum árlega, og er aldrei hægt að yfirgefa helztu skógræktargirðingarnar um helgar t.d. Norðtunguskóg og Jafnaskarðsskóg - sú hætta vofir alltaf yfir, að hlið sém skilin eftir opin og unnin skemmdarverk á plöntum og mannvirkjum.

Það er leiðinlegt til þess að vita að umgengnismenning skuli ekki lengra á veg komin, en raun ber vitni um. Tímabært virðist að æskulýðurinn verði fræddur um skyldur við móður jörð og kunni ferðamannasiðferði - að ganga vel um landið.

Skógræktarstjóri kom skyndiferðir upp í Borgarfjörð, þar á meðal með fjóra norska skógræktarmenn sem dvöldu aðeins stuðta stund. Einnig kom Haukur Ragnarsson tilraunastjóri með enskan ví sindamann á sviði skógræktar, og fór í Jafnaskarðsskógi. Baldur Þorsteinsson fulltrúi kom einnig í Norðtunguskógi.

Eg mætti á nokkrum fundum, þar sem skógræktarmál voru rædd. Þá flutti ég erindi um skógrækt í Barna- og ungingaskólanum að Varmalandi, einnig flutti ég erindi í Rotaryklúbbi Borgarness. Eg skrifaði grein um skógræktarmál í tímarit Kaupfélags Bergfirðinga, en það kemur á hvert heimili í nærrí þrem sýslum.

Ferðalög:

Eg var fjarverandi í 180 daga vegna skógræktarinnar. A tímabilinu 25. maí - 20. sept. dvel ég nálega í Norðtunguskógi og ferðast með fólk og flutning á milli skógræktargirðinganna. Helztu ferðalög voru: 6. - 11. marz var ég á skógarvarðafundi í Reykjavík, 15. maí mætti ég á veiðifundi í Veiðifélagi Gljúfurár, en þar hefur skógræktin hagsmunu að gæta, vegna Sauðhússkógar sem á land meðfram Gljúfurá. En því get ég um þennan fund, að hann varð allsögulegur og lenti ég þar í harðri vörn vegna Sauðhússkógar og er því máli ekki lekið enn, en vonandi sigrar sá málstaður sem ég barðist fyrir.

13. júlí fór ég stutta ferð til Reykjavíkur. 2. og 11. júlí fór ég um Dalasýslu vegna gróðursetningar hjá Skógræktarfélagi Dalamanna, síðari daginn var ég með vinnuflokk sem kom með mér úr Borgarfirði. 28. og 29. sept. fór ég að Skógum í Þorskafirði, Barmahlíð og Reykhélum. 20. okt. fór ég á aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Hlégarði í Mosfellssveit. 27. okt. fór ég á Akranes. 28. okt. fór ég í Yztafellsgirðingu á Fellsströnd í Dalasýslu. 23. nóv. fór ég skyndiferð til Reykjavíkur.

Arið sem er að kveðja var ekki hagstætt fyrir ungviðið í skóginum, en þó er engin ástæða til að óttast um framtíð skógræktarinnar. Við lifum á árum mikilla byltinga í landi voru, og margar breytingarnar eru til góðs. En þegar æskulýðurinn er alinn að nokkru leiti upp í þeirri trú, að á Íslandi sé í rauninni ekkert hægt að rækta, og borgi sig ekkert að rækta, fer nú að verða erfitt að halda uppi trúnni á skóga á Íslandi, svo og aðra ræktun.

Náttúruverndaraldan sem gengur yfir landið er að færast í trúarform, verða einskonar sértrúarslokkur, en þeir eru margir á Íslandi. Skógræktarfólk er oft ásakað af áhangendum þessa sértúarflokks um eyðingu skóga og jafnvel skemmdarstarfsemi í sambandi við skógrækt. Eg hef verið að reyna að finna rök fyrir vonsku þessara "sértrúarmanna" í garð skógræktarinnar, og kemst að þeirri niðurstöðu að grisjun birkikjarrsins vegna gróðursetningar barrplantna sé í augum þeirra algjör skemmdarstarfsemi. Jafnhliða þolir umræddur "trúarlýður" ekki að sjá barrplöntur í íslenzkri mold. Í augum umræddra manna á landið að halda áfram að vera nakið og bert og lítt byggilegt, aðeins sem augnayndi sérvitra og forvitinha ferðamanna, sennilega eiga íbúar þessa kalda og hrjóstruga landa að vera á svipuðu menningarstigi og aðbúnaður landsins á að vera samkvæmt þeirri kenningu að ekki eigi að gróður-setja tré á Íslandi.

Það eru ótrúlega margir sem hlusta á þessa niðurripsstarfsemi, og það sem leiðast er, gengur þessi kenning í eyru unga fólksins. Öllum áróðri sem skaðar skógræktina ber að mótmæla af fullri einurð, og vera þar vel á verði.

Eg hef framkvæmdastörf Skógræktarfélags Þórgarðar ásamt fjármálum - á mínum höndum. Er það að vonum ærið starf, en sá liður í skógræktarstarfinu sem ekki verður komið hjá að sinna eftir föngum, enda skoða ég það sem skyldu mína. Að þessu ári var ég af sýslunefnd Mýrasýslu skipaður í "Landgræðslunefnd Mýrasýslu" ásamt tveim öðrum mönnum. Ingvi Þorsteinsson hefur hafþ samband við mig um þessi mál og í haust hélt nefndin fund ásamt Ingva Þorsteinssyni og á þeim fundi var ég kjörinn formaður nefndarinnar. Nokkur verkefni bíða úrlausnar hjá nefndinni.

Eg hef nú um mörg ár veitt skóla- og byggingarnefnd Barnaskóla Mýrasýslu að Varmalandi formennsku. Eg baðst eindregið undan endnurskipan síðast, en fyrir þrábeiðni forystumanna þeirra mála, og þar á meðal menntamálaráðherra, var mér ekki auðið að hætta eins og á stóð. Þessi störf eru erfið og ólaunuð með öllu, en þessa get ég hér, að það er ekki að mínum vilja að starfa í þessum málum heldur manna úr ríkistjórn, sem er þó kunnugt um að ég gengi störfum fyrir ríkið.

Að lokum þakka ég skógræktarstjóra og öllu starfsfólki samstarfið og vona að betur vegni fyrir allan gróður á komandi ári.

Hreðavatni, á gamlársdag 1967

Daniel Kristjánsson